



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom - 4.janúar 2022 kl. 19:30

Mætt: Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Fylkir Jónsson (FJ), Aðalsteinn Símonarson (AS), Árni Gunnlaugsson (ÁG), Aron Steinn Guðmundsson (ASG), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Baldvin Hansson (BH)

Fjarverandi: Einar Gunnlaugsson (EG)

HKS ritaði fundargerð.

1. 2022 Race Director Seminar and International Stewards Programme

FIA heldur keppnistjóra- og dómnefndarmannanámskeið dagana 3. - 6. febrúar. Opnað hefur verið fyrir skráningar á námskeið hjá FIA. AKÍS getur sent tvo aðila á sitt hvort námskeiðið. Stjórn ákvað á fundi að auglýsa eftir einstaklingum sem áhuga hefðu á þátttöku á þessum námskeiðum hjá aðildarfélögum sambandsins.

2. 2022 Rally & Cross-Country Officials Seminar

FIA heldur Rally og Cross kart starfsmannanámskeið dagana 10. - 11. febrúar. Opnað hefur verið fyrir skráningar á námskeið hjá FIA. AKÍS getur sent tvo aðila á sitthvort námskeiðið. Stjórn ákvað á fundi að auglýsa eftir einstaklingum sem áhuga hefðu á þátttöku á þessum námskeiðum hjá aðildarfélögum sambandsins.

3. 2022-2023 FIA Specialised Sporting Commissions

FIA óskar eftir tilnefningum í FIA Specialised Sporting Commissions. Ákveðið var að auglýsa á heimasíðu sambandsins eftir umsóknum einstaklinga til setu í þessu ráði.

4. Námskeið hjá AKÍS 2022

Umræður hafa farið fram um fyrirkomulag námskeiða á komandi tímabili. Ákveðið var að stofna vinnuhóp sem mun fara yfir hvernig námskeiðahaldi verður háttað. Bæði með tilliti til nýliða og einnig varðandi fyrirkomulag endurmenntunar.

Samþykkt var að hið minnsta skyldi halda námskeið fyrir þau störf sem krafist er námskeiðasetu fyrir í reglum sambandsins. Nánari útfærsla og frekari tillögur bíða niðurstöðu vinnuhóps.

5. Öryggisbúraferli hjá AKÍS

Umræða hefur farið fram um hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi og skilyrðum öryggisbúraskoðunar og var málinu vísað til næsta stjórnarfundar.

6. Önnur mál



Akstursíþróttasamband Íslands

Tryggingar- Lögfræðingur á fund með stjórnvöldum næsta föstudag í tengslum við málið.

Næsti fundur 18. janúar á Zoom kl. 19:30

Fundi slitið kl. 20:42